

REGLUGERÐ um greiningardeild ríkislöggreglustjóra.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Ríkislöggreglustjóri annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu lögregluliða á landsvísu. Ríkislöggreglustjóri starfrækir lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Heiti deildarinnar er greiningardeild ríkislöggreglustjóra og á enskri tungu National Security Unit.

Starfssvæði greiningardeilda ríkislöggreglustjóra nær til alls landsins.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í störfum ríkislöggreglustjóra samkvæmt reglugerð þessari, og annarra aðila þegar það á við, skal stuðst við eftirfarandi skilgreiningar:

- a. *Hættumat (hazard assessment)* felst í að gera kerfisbundið grein fyrir þeiri vá sem fyrir hendi er. Tilgangurinn er að meta stærð og líkindi mögulegra atburða og hættu á að ákveðin svæði eða staðir verði fyrir tiltekinni vá.
- b. *Áhættugreining (risk assessment)* felst í að skilgreina hversu mikil áhættan er fyrir líf og limi fólks og að meta áhrif vár á eignir og á atvinnulíf og aðra þætti mannlífs.
- c. *Ógnarmat (threat assessment)* felst í að meta áhættustig varðandi ógn af mannavöldum vegna einstakra verkefna, svo sem vegna opinberra heimsókna, sendiráða og stjórnarstofnana. Á sviði flugverndar er framkvæmt hættumat vegna ógnar gagnvart flugvöllum, flugvélum og flugrekstri almennt. Á sviði siglingaverndar er framkvæmt áhættumat vegna ógnar gagnvart hafnaraðstöðu, skipum og siglingum.
- d. *Vástig (threat level)* segir fyrir um umfang viðbúnaðar lögreglu miðað við ógnarmat og er grundvallað á því áhættumati sem er fyrliggjandi vegna þess að talin er aukin áhætta af vá af mannavöldum.
- e. *Stefnumiðuð greining (strategic analysis)* varðar ógn af hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi til lengri tíma og gerð áhættumats á viðtækum grunni sem tekur mið af þróun mála hérlendis og erlendis og segir til um líklega framtíðarþróun.
- f. *Aðgerðamiðuð greining (operational analysis)* varðar rannsóknar- og greiningarvinnu vegna lögregluaðgerða.

3. gr.

Skipulag.

Ríkislöggreglustjóri fer með stjórn og samræmir störf lögreglu á sviði öryggismála, með það að markmiði að fyrirbyggja háttsemi sem kann að varða við ákvæði X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fyrirbyggja hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi.

Ríkislöggreglustjóri getur falið löggreglustjórum ákveðna verkþætti og að leggja til mannskap til stuðnings við aðgerðir greiningardeilda. Löggreglustjóri höfuðborgarsvæðisins leggur til mannskap til stuðnings við aðgerðir undir stjórn greiningardeilda, s.s. vegna skygginga, hlerunaraðgerða o.fl. Embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum annast greiningu fólksumferðar til og frá landinu.

Ríkislöggreglustjóri setur verklagsreglur um útfærslu einstakra verkþátta hjá löggreglustjórum.

4. gr.

Hlutverk og verkefni.

Hlutverk greiningardeildar ríkislöggreglustjóra er að annast verkefni á sviði öryggismála, sem m.a. felast í rannsóknum mála, aðgerðarmiðuðu greiningar- og áhættumati og stefnumiðuðum greiningum.

Sérstök verkefni greiningardeildar ríkislöggreglustjóra eru eftirfarandi:

- a. Safna upplýsingum, úrvinnsla, greining og skipti á upplýsingum í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á afbrotum.
- b. Meta hættu og áhættu vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, hryðjuverka og eftir atvikum annarra brota er falla undir X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.
- c. Gefa reglulega út ógnarmat vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverka.
- d. Annast áhættugreiningu vegna einstaklinga og afla upplýsinga vegna verndar og öryggisgæslu fyrir æðstu stjórnum ríkisins.
- e. Veita ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi.
- f. Taka þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings löggreglunni í landinu og afla upplýsinga í málum er tengjast öryggi ríkisins.
- g. Veita löggregluliðum aðstoð vegna landamæravörslu.
- h. Annast öryggisúttekt á einstaklingum og útgáfu vottorða um öryggisgráður vegna starfsemi löggreglu og vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi af hálfu stjórnvalda.
- i. Hafa eftirlit með því að reglum sé fylgt um meðhöndlun gagna sem eru öryggisgráðuð.
- j. Taka þátt í neyðaráætlanagerð almannavarna.
- k. Taka þátt í aðgerðarstjórn ríkislöggreglustjóra vegna sérstakra verkefna.
- l. Ríkislöggreglustjóri mælir fyrir um almennt våstig og sérstakt våstig vegna flugverndar og siglingaverndar í samræmi við alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að.

5. gr.

Upplýsinga- og greiningarmiðstöð á landsvísu.

Til þess að tryggja boðskipti og upplýsingamiðun milli öryggisstofnana ríkisins skal greiningardeild ríkislöggreglustjóra leggja til aðstöðu fyrir fasta tengiliði frá Landhelgisgæslu Íslands og löggreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sem skulu hver um sig hafa fastan starfsmann við störf hjá greiningardeild sem tengiliðir sinna stofnana við deildina. Þá getur ríkislöggreglustjóri óskað eftir aðkomu fleiri stofnana með sama hætti svo sem tollstjóra eða Útlendingastofnunar.

Við störf sín hjá greiningardeild lúta tengiliðir boðvaldi yfirmanna greiningardeildar og reglum ríkislöggreglustjóra um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Sérstakt dulkóðað öryggissamband skal vera milli starfsstöðvar greiningardeildar ríkislöggreglustjóra, löggreglustjórans á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunnar með tengingar við önnur ríki Atlantshafssbandalagsins.

Nr. 404

8. maí 2007

6. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra fer með alþjóðlegt samstarf við öryggisstofnanir annarra landa. Upplýsingum sem eru veittar af erlendum öryggisstofnunum skal ekki miðla til annarra nema með leyfi viðkomandi öryggisstofnunar.

7. gr.

Verklagsreglur.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur um starfsemi greiningardeilda og meðferð upplýsinga. Í verklagsreglum skal meðal annars mæla fyrir um samvinnu við Landhelgisgæsluna, lögreglustjóran, tollstjóra og Útlendingastofnun.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur um miðlægan gagnagrunn samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, sbr. ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. sömu laga, eins og því var breytt með 1. gr. laga nr. 46 13. júní 2006, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 2007.

Björn Bjarnason.

Þorsteinn Geirsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2007